

Rafrænni innritun í framhaldsskóla lokið

Innritun í framhaldsskóla fyrir komandi skólaár lauk þann 12. júní síðastliðinn. Öll innritun í dagskóla fór nú fram á netinu í fyrsta sinn en í fyrra sóttu nemendur 10. bekkjar einir um með rafrænum hætti. Að þessu sinni bárust 6.614 nýjar umsóknir um skólavist í dagskóla þ.e. frá umsækjendum sem ekki voru við nám í framhaldsskólum á vorönn 2006. Alls 4.528 umsóknir voru frá nemendum sem eru að koma beint úr grunnskóla. Það er rúmlega 94% árgangsins. Alls 2.086 umsóknir eru frá einstaklingum sem eru að koma aftur til náms eftir hlé. Auk þess sækja 1.450 núverandi nemendur í framhaldsskólum um að skipta um skóla.

Gert er ráð fyrir að búið verði að svara öllum umsóknum 23. júní nk. Umsóknir sem ekki fást samþykktar í þeim skóla sem sótt er um sem fyrsta val eru sendar næsta varaskóla til afgreiðslu. Allir nemendur sem koma beint úr 10. bekk fá skólavist. Umsækjendur geta fylgst með afgreiðslu á umsóknarsvæði sínu á netinu.



Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu og Aðalsteinn Á. Baldursson stjórnarformaður Þekkingarseturs Þingeyinga undirrita samning um fjárstuðning ráðuneytisins til ársins 2010.

Samningur um Þekkingarsetur Þingeyinga undirritaður

Undirritaður var samningur menntamálaráðuneytis og Þekkingarseturs Þingeyinga um verkefni setursins og greiðslur ráðuneytisins til þess þann 2. júní sl á Húsavík. Samningurinn felur í sér að Þekkingarsetur Þingeyinga og *Fræþing* – Fræðslumiðstöð Þingeyinga sameinast nú í eina stofnun undir nafni [Þekkingarsetursins](#). Á stjórnarfundum stofnananna þann 2. júní sl. var endanlega gengið frá sameiningunni og haldinn fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar í nýrri stofnun. Markmið Þekkingarseturs Þingeyinga samkvæmt samningnum eru:

- Að efla byggð í Þingeyjarsýslum með símenntun, þjónustu á sviði háskólamenntunar og með rannsóknarstarfi.
- Að vera miðstöð símenntunar og fullorðinsfræðslu í Þingeyjarsýslum og bjóða nám er tengist atvinnulífi og tómstundum. Jafnframt að veita námsráðgjöf og hafa milligöngu um framboð á fjarnámi.
- Að starfrækja háskólanámssetur með tilheyrandi búnaði og vinna með viðurkenndum háskólum að bættari þjónustu við háskólanema.
- Að vera miðstöð rannsóknarstarfs í Þingeyjarsýslum og treysta samstarf þeirra er stunda rannsóknir í héraðinu.

Menntamálaráðuneyti greiðir samkvæmt samningnum 21,7 m.kr. árlega til setursins fram til ársins 2010.

Stefán Stefánsson, deildarstjóri símenntunardeildar menntamálaráðuneytis, undirritaði samninginn fyrir hönd ráðherra og Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, flutti ávarp við athöfnina á Húsavík.



Menntamálaráðherra heimsækir Vestur-Barðastrandarsýslu

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir heimsótti grunnskóla í Vesturbyggð og á Tálknafirði nýverið. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna verkefni um dreifmenntun sem unnið hefur verið að í grunnskólum á þessu svæði síðastliðin þrjú ár. Í Vesturbyggð er grunnskólinn staðsettur á þremur stöðum í Bildudal, á Patreksfirði og Birkimel á Barðarströnd. Í dreifmenntunarverkefninu hefur verið unnið að því að tengja þessa staði saman ásamt Tálknafirði með nýtingu upplýsingatækni með það fyrir augum að auka og bæta gæði og fjölbreytni námsins, innleiða nýja kennsluhætti og þróa samkenntu milli skóla. Er ekki síst horft til þess að þróa skólahald sem henti fámennum byggðum. Verkefnið hefur verið stutt af menntamála- og iðnaðarráðuneyti í tengslum við byggðaaætlun.

Í heimsókninni fylgdist menntamálaráðherra með fjarkennslu á Bildudal þar sem kennari sem staddur var á Patreksfirði kenndi samtímis eðlisfræði þar og á Tálknafirði og Birkimel. Á

Tálknafirði tók ráðherra þátt í hátíðarhöldum í grunnskólanum þar sem nemendur veittu viðtöku svokölluðum grænfána fyrir umhverfisátak. Lokaáfangi heimsóknarinnar var síðan á Patreksfirði þar sem forsvarsmenn verkefnisins kynntu starfið og þann árangur sem náðst hefur. Var það samdóma álit manna að verkefnið hefði tekist vel og skilað miklu til þess að efla skólastarf í þessu dreifða byggðalagi.

Kennaraháskóli Íslands hefur veitt ráðgjöf vegna verkefnisins og einnig hefur ráðgjafi á vegum menntamálaráðuneytis unnið að því með heimamönnum.

Fundur aðildarríkja Eystrasaltsráðsins um æskulýðsmál

Fulltrúar ráðuneyta á vegum aðildarríkja Eystrasaltsráðsins er fara með æskulýðsmál funduðu þann 8. og 9. júní sl. í Reykjavík. Á fundi ráðherra ríkjanna ellefu sem mynda Eystrasaltsráðið er haldinn var í Vilnius árið 2000 var ákveðið að efla samstarf landanna í málefnum ungs fólks. Á þeim fundi var stofnuð vinnunefnd með fulltrúum þeirra ráðuneyta er fara með æskulýðsmál í aðildarlöndum Eystrasaltsráðsins. Þá hefur verið starfrækt upplýsingaskrifstofa í Kiel til að auðvelda starf vinnunefndarinnar. Skrifstofan safnar m.a. upplýsingum og miðlar fræðslu um málefni ungs fólks til ráðuneyta og félagasamtaka í aðildarlöndunum. Vinnunefndin mótar stefnu í málefnum ungs fólks og stuðlar að virkri þátttöku þess í samfélaginu. Þá hvetur nefndin til ungmennaskipta og stuðlar að þekkingu og skilningi á mismunandi menningu landanna og þátttöku ungs fólks í sameiginlegum verkefnum. Einnig hefur samvinna í upplýsingagjöf á sviði æskulýðsmála verið eflað með því að auka fræðslu í málefnum ungs fólks. Markmiðið er ennfremur að vekja athygli á hæfileikum og getu ungs fólks og styrk þeirra.

Löndin sem eiga aðild að vinnunefnd ríkja Eystrasaltsráðsins um málefni ungs fólks eru Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Ísland, Eistland, Lettland, Litháen, Þýskaland, Pólland og Rússland. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur ávallt þátt í fundum nefndarinnar. Á þessu ári hefur Ísland leitt starfið í nefndinni. Formáður hennar er Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti.

